

VEFNIR

Tímarit félags um átjándu aldar fræði

ÆVISTUR

Leita

Leita í textum Félags um 18. aldar fræði Leita í öllu efni á Kvisti

Staða rannsókna á máli 18. aldar

Höfundur: Svavar Sigmundsson
Birtist í: Vefni: 1. vefriti 1998

Þurningunni um hvernig stöðu rannsókna á máli 18. aldar sé háttað er í rauninni fljótsvarað. Hún er heldur ág. Víða er 18. aldar máls og málfræði þó getið í einstökum greinum og bókum en það hefur ekki verið iðfangsefni neinnar einnar rannsóknar. (Sjá t.d. Kjartan G. Ottósson. 1992:204-207.) Íslensk málsaga hefur ekki verið skrifuð enn sem sérstakt verk þó að víða séu til drög að henni. Helst er að nefna grein Stefáns Þarllssonar í Íslenskri Þjóðmenningu VI. (Stefán Karlsson. 1989:1-54.) Margrét Jónsdóttir hefur skrifað firlitsgrein um ástundun íslenskrar málfræði, m.a. á 18. öld. (Margrét Jónsdóttir. 1996. 105 o.áfr.) (Sjá einnig krá um rit um málfræði, Kristín Bjarnadóttir et al. 1988-1989.)

3. öldin er ekki tímabil mikilla viðburða í málsögunni. Hún stendur á milli breytingaskeiða. Margar helstu ljóðbreytingar eru um garð gengnar, þær sem urðu frá forn máli til nútímamáls, og voru það þegar snemma á 7. öld. Þar er helst hljóðdvalarbreytingin svonefnda og nokkrar breytingar á beygingum. Jafnframt er staða rðafordans nokkuð óbreytt frá 16. öldinni.

ó má hér nefna hljóðbreytingar sem taldar eru eiga rætur að rekja til 18. aldarinnar og eru mikilsráðandi nú, nmælið og kv-framburðurinn. Uppruni linmælisins hefur ekki verið rannsakaður sérstaklega en tvö elstu dæmi ess eru frá miðri 18. öld, annað þó mjög ótraust. Frá því um 1800 eru allmörg dæmi í sunnlenskum bréfum Þjörn Guðfinnsson. 1946:234nm, haft eftir Birni K. Þórólfsyni). Um kv-framburðinn hefur Gunnar Karlsson tað (Gunnar Karlsson. 1965:20-37). Fornöfnin *við* og *þið* eru að hverfa sem tvítölumyndir á 18. öldinni og erða fleirtölumyndir í stað *vér* og *þér* (Helgi Guðmundsson. 1972:77). Sagnmyndir í 2. persónu eintölu eins og *þú fer* og *(þú) les* verða *ferð* og *lest*. Gamla sagnendingin í 1. pers. fleirtölu *-umst* (t.d. *berjumst*) er endurvakin 18. öld (af Árna Magnússyni) eftir að hafa verið *-unst* eða *-ust(um)* á öldunum á undan. (Kjartan G. Ottósson 1987:315.) Notkun orðmynda eins og *gamallrar* og *beinnri* náðu hámarki á 18. öld, en þær hurfu síðan að vestu. (Kjartan G. Ottósson 1987:317.)

fniviður til rannsókna á máli 18. aldar ætti að vera nægur. Ýmsir textar eru útgefnir, en þó misjafnlega vel. Kjartan G. Ottósson hefur gert úttekt á útgáfum á Ævisögu sr. Jóns Steingrímssonar, sem skrifuð var á mabilinu 1778 eða 1779 til 1791. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að engin af þeim þrem útgáfum sem séð hafa agsins ljós, 1913-16, 1945 og 1973, sé svo góð að viðhlítandi sé fyrir málfræðinga. (Kjartan G. Ottósson. 1986:175.)

n auðvitað er nægilegur efniviður í handritum sem málfræðingar geta sótt beint til ef þeir eru þá læsir á þau. aka verður hér undir orð Jóns Helgasonar að prentuðum bókum skyldi maður aldrei treysta. Óhætt er þó talið ð treysta þeim útgáfum sem hann annaðist á textum m.a. frá þessum tíma og þar er að finna ýmsar

amantektir hans um málið, m.a. í Íslenskum ritum síðari alda, sem Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn af út í 7 bindum frá 1848 til 1979.

ær bækur sem prentaðar voru hér á landi fram til 1773 eru langflestar úr sömu prentsmiðju, Hólaprentsmiðju, og hefur málfari í þeim líklega oft verið breytt eitthvað frá handriti höfundar, bæði af forsvarsmönnum prentsmiðju og setjurum. Frumhandritin eru yfirleitt ekki lengur til til samanburðar. En þessu hefur nánast enginn gaumur verið gefinn í málrannsóknunum. (Kjartan G. Ottósson. 1986:179nm; Kjartan G. Ottósson. 1988:137.)

á sem þetta skrifar gerði dálitla athugun á máli Jóns biskups Vídalíns (1666-1720) eins og það birtist í lítilli bók, "Stutt og einföld undirvísun um kristindóminn", sem kom út í Kaupmannahöfn 1729. Þetta var prófritgerð í lúskóla Íslands 1965, aðallega um stafsetningu og hljóðfræði ritsins, en hefur ekki verið birt. Helstu iðurstöður eru þær að samanburðurinn við Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar (sem Jón Helgason rannsakaði) og Guðbrandsbiblíu (sem Oskar Bandle rannsakaði) sýnir að meiri festa er á rithætti hjá Jóni Vídalín en hjá Oddi og Guðbrandi. Mörg atriði ritháttar eru á svipuðu stigi og hjá þeim. En það sem skilur að er d. að Jón ruglar algjörlega *i* og *y*, *í* og *ý* og *ei* og *ey*, þar sem aðeins var vísir að þessum ruglingi hjá Guðbrandi. Líðmyndarendingin *-unst* helst yfirleitt hjá Jóni þar sem *-ust* var oft hjá Guðbrandi. Viðskeytið *-igur* er varla til hjá Jóni, heldur er *-ugur* oftast hjá honum, og viðskeytið *-ligur* hjá Guðbrandi er orðið *-legur* hjá Jóni Vídalín.

essi athugun er sama annmarka háð og aðrar prentaðar bækur, að útgefandi eða prófarkalesari kann að hafa álað við texta höfundar. Í samanburð minn tók ég líka nokkur bréf Jóns óprentuð og sýndu þau óreglulegri thátt en var á prentuðu bókinni. Vitað er að Jón Þorkelsson (Thorcellius) átti að lesa próförok að bókinni 1729, og ekki er ólíklegt að Jón Ólafsson úr Grunnavík hafi einnig komið nálægt útgáfunni.

nýrri útgáfu Vídalínspostillu (1718-1720) frá 1995 gerir Mördur Árnason grein fyrir fræðilegum vinnubrögðum við útgáfuna þar sem prentað er með nútímastafsetningu en orðmyndum og beygingum úr 1. útgáfu er haldið. "Í þessu felst meðal annars," segir Mördur, "að ekki er nokkur tilraun gerð til að 'lagfæra' málfar Vídalíns eftir eim smekk sem nú er helstur uppi, heldur litið á venjur og tískur öndverðrar 18. aldar í málfari sem ífnórjúfanlegan hluta af verki meistarans og t.d. setningaskipan eða efnistöð" (Mördur Árnason. 1995:ci). msaar athugasemdir eru um stafsetningu og orðmyndir í þessari greinargerð svo og í skýringum í útgáfunni. En eins vegar má segja að vanti enn rannsókn á málinu á Vídalínspostillu, sem líklegt er að hafi haft meiri áhrif á málið almennt en biblían sjálf.

lér verður ekki gerð grein fyrir stöðu rannsókna í handritafræðum eða filólógíu 18. aldar, um rithátt og stafsetningu, þar sem Árni Magnússon (1663-1730) er miðlæg persóna. Finnur Jónsson segir um Árna í ævisögu hans: "hann hlaut að verða málfræðingur að því er íslenskuna snerti. Að þessu leyti hefur hann og komist hærra en nokkur annar samtíðarmaður hans og þótt lengra og langt sje farið niður í tímana. Á hans tímum voru menn fyrir höfuð als ófróðir um málið á Íslandi að fornu og nýju; en hann tók bæði eftir hinum gömlu orðmyndum og kodaði þær vísindalega rjett og hann tók líka eftir misjöfnum aldri þeirra; hann skildi og vel, að til voru mállýsingarfræðingur." (Finnur Jónsson. 1930:137-138.) Árni fékkst m.a. við samanburðarmálfræði. Hann bar saman íslensk orð við latnesk og grísk (í AM 436.4to), og þó þar sé ýmislegt rangt, er það "furðan meiri, hvað varart er rjett". (Finnur Jónsson. 1930:141.) Þetta eru orð eins og *armur* - lat. *armus*, *akr* - lat. *ager*, *auga* - lat. *oculus* og *af* - gr. *apo* o.fl. Segja má að Árni hafi verið nærri því að gera sér grein fyrir þeim hljóðlögum sem sopp, Rask og Grimm urðu síðan frægir fyrir snemma á 19. öldinni þegar samanburðarmálfræðin varð til. Jpphaf hennar er reyndar rakið til fyrirlestrar lögfræðingsins Sir William Jones í Kalkúttu 1786.) Þessum athugunum Árna hefur þó ekki verið frekari gaumur gefinn.

egja má að málfræði yfirleitt fái fyrst eitthvert vísindalegt mót á 18. öld, því að fram að því var þankagangur áanna bundinn biblíuhugmyndum. Tilhneiging manna var allt of oft sú að sýna fram á yfirburði eigin fræðingumáls fram yfir önnur og það leiddi menn oft á villigötur í röksemdafærslu sem ekkert hafði með aðreyndir að gera.

rni Magnússon skrifaði drög að málmyndalýsingu íslensku en sr. Jón Magnússon (1662-1738), bróðir Árna, skrifaði síðar *Grammatica Islandica*, heillegustu málfræði, sem samin hafði verið fram að því. Finnur Jónsson af hana fyrst út í heild sinni eftir hdr. AM 992, 4to. (Finnur Jónsson. 1933:11-14.) Jón Axel Harðarson gaf hana íðan út með inngangi, þýðingu og athugasemdum (Jón Magnússon. 1997).

Halldór Halldórsson prófessor notfærði sér m.a. málfræði Jóns Magnússonar í fyrirlestrum sínum um eygingafræði í Háskóla Íslands og einnig í greinum sínum. Hann segir að við allmikla notkun hennar hafi sér írst að í henni gæti meira bókmáls en ætla mætti við fyrstu sýn. (Halldór Halldórsson. 1963:70.)

á maður sem næst stóð Árna, Jón Ólafsson úr Grunnavík (1705-1779), skrifaði margt um mál sinnar tíðar, og efur einna mest verið fjallað um hann af 18. aldar mönnum á því sviði. Jón Helgason prófessor skrifaði oktorsrit sitt um nafna sinn og kemur að málfræðistarfi hans hér og þar í bókinni. M.a. fjallar hann um ðalverk Jóns, íslensk-latnesku orðabókina miklu sem Jón hóf að semja 1734 og vann að drjúgan hluta starfsævi nnar en hún kom aldrei út. Jón segir um hana að væri hún komin í boðlegt lag "myndi enginn hika við að kalla ana eitt helzta afrek í fræðimensku Íslendinga á 18. öld" (Jón Helgason. 1926:121). (Sjá einnig Jakob enediktsson. 1994:19-22.)

ón Helgason fjallar m.a. um söfn nafna síns Ólafssonar til íslenskrar mállýsingar í kaflanum um ritstörf 1736-7 ða þar í kring. (Jón Helgason. 1926:150-155.) Fóstbróðir Jóns, sr. Jón Sigurðsson, átti hlut að efnisöflun til iállýsingarinnar og Jón Magnússon, bróðir Árna, var með í ráðum. Þeir Jónarnir, Ólafsson og Magnússon, ittust á Íslandi og skrifuðust á um tilhögun málfræðinnar. Jón Helgason segir að málfræði Jóns Ólafssonar sé arri því að vera fullgert verk en hann hafi helst gert íslenskri mállýsingu greiða með því að örva Jón Iagnússon til starfa. (Jón Helgason. 1926:154.)

ón Ólafsson skrifaði á dönsku kennslukver í íslensku, um 1735, ætlað til þess að kenna erlendum mönnum iálið. Umfjöllun um hljóðfræði er "mun meiri í þessu kveri en almennt tíðkaðist í málfræðiritum á þessum mum sem helgast auðvitað af markmiðinu með því" (Þóra Björk Hjartardóttir. 1994:56).

.árinu 1994 var stofnað hér í borg félag sem heitir Góðvinir Grunnavíkur-Jóns og hefur það "að markmiði að reyta þeirri mynd sem menn hafa af Jóni og standa vörð um fræðimannsheitur hans með því að kynna hann, viferil hans og störf" eins og það er orðað í ráðstefnuriti sem félagið átti hlut að (Guðrún Kvaran. 1994:75). Í tinu fjallar Veturliði Óskarsson um svokallaðan "contractismus" Jóns Ólafssonar, hugmynd sem hann fékk um ppruna orða upp úr miðjum 6. áratug aldarinnar. Hugmyndin var sú, að "flestar orð hefðu í fyrndinni verið iiklir langhundar, samsettir úr tveimur eða fleiri orðum eða orðhlutum, en síðar dregist harla mikið aman" (Veturliði Óskarsson. 1994:37). Dæmi þessa eru: *grænn*, samdráttur úr *grasvænn*, *hrútur* úr orðinu *ornóttur*, *lúfa* úr *loðhúfa*, *köttur* úr *kömpóttur*, *sól* úr *suðurhjóll* o.s.frv. Veturliði segir að með nokkrum rétti iegi kalla þetta fyrstu tilraun til íslenskrar orðsifjabókar, en skýringarnar flestar rangar og gildi ritsins því kkkert fyrir orðsifjafræði nema fyrir einskæra tilviljun (Veturliði Óskarsson. 1994:38). Veturliði segist þó ekki anga í flokk með þeim sem hafa hneykslast á Jóni fyrir þessar etýmólógíur, þær séu í senn geysi-frumlegar og ráðfyndnar. Rit Jóns, *Contractismus*, er um 2000 bls. þéttskrifaðar, skrifað frá 1763 og áfram fram á síðustu vidaga. Jón Helgason o.fl. hafa haldið því fram að verkið bæri vott um ellióra eða geðveiki höfundar. En eturliði telur að það sem gefi verkinu mest gildi fyrir rannsóknir í málfræði sé þó allar þær samsetningar sem ón telur liggja að baki orðunum. Flestar hafa aldrei verið til í málinu "en þær geyma í sér mikilvæga vitneskju m það hvernig 18. aldar maður gat hugsað sér að búa til samsett orð" (Veturliði Óskarsson. 1994:43).

fm orðaforðann í þýðingu Jóns á riti Holbergs, Nikulás Klím (1745), skrifaði Kristín Bjarnadóttir í Hræring, þar meðal um orðasmíð hans. (Kristín Bjarnadóttir. 1994:23.)

uðrún Kvaran hefur skrifað um nafnatöl ýmis sem Jón Grunnavíkingur tók saman, um mannanöfn, einnig uttnefni, og örnefni. Nafnaskýringar hans bera sumar merki samdráttarkenningarinnar, t.d. *Hálfðan*, sem átti ð vera dregið saman úr *Hjörálfur dugandi*. (Guðrún Kvaran. 1994a:35.)

18. öldinni kom engin orðabók út um íslensku. Þó má nefna latnesk-íslenska orðabók Jóns Árnasonar biskups sem til er í tveimur handritum og er mjög merkileg heimild um orðaforða 18. aldar. (Jón Árnason. 1738 og 1794.) Í formála síðari útgáfunnar gerir Guðrún Kvaran grein fyrir máli og orðmyndun Jóns Árnasonar en í íðauka er íslensk orðaskrá, sem auðveldar mjög athuganir á orðaforða 18. aldar. Sjá einnig ýtarlegri grein ennar um sama efni (Guðrún Kvaran. 1996). Björn Halldórsson (1724-1794) vann einnig að íslensk-latneskri orðabók sinni á þessum tíma þó að hún kæmi ekki út fyrr en 1814. Birni voru mislagðar hendur í málfræði, t.d. leit hann að orðið *ær* (kind) væri á í nefnifalli og beygðist eins og *tá*, svo að dæmi sé tekið. (Guðvarður Már Gunnlaugsson. 1993:243-244.)

sviði stafsetningar lagði Eggert Ólafsson (1726-1768) mest til málanna á 18. öldinni með Réttitabók sinni frá 1762, sem heitir í eiginhandarriti "Nokkrar óreglulegar reglur í spurningum framsettar, eftir stafrófi, um það, vörn veg rétt eigi að skrifa, bókstafa og tala þá nú lifandi íslensku tungu." (Lbs. 2003, 4to.) Bókin hefur aldrei verið gefin út en hún barst um í afritum "og hafði veruleg áhrif á stafsetningu mikils hluta þeirra bóka sem voru rentaðar á íslensku næstu áratugina" (Stefán Karlsson. 1989:47). Þessar reglur höfðu mest áhrif á bækur úr frappseyjarprentsmiðju eftir 1773, sérstaklega fyrsta áratuginn en engin þeirra fylgdi reglunum út í æsar. Þá skrifaði Eggert styttri gerð af þessum reglum og nefndi "Stutt ágrip úr réttitabók Íslendinga" (JS 59, 8vo).

Arni Böðvarsson skrifaði um málfræðistörf Eggerts í Skírni (Árni Böðvarsson. 1951:156-172), en rækilegast hefur andaríkjamaðurinn Sidney R. Smith athugað stafsetningarrit Eggerts á síðari áratugum og var ætlunin um þessa hríð að Árnastofnun og Málvísindastofnun gæfu Réttitabókina út ásamt Ágripinu með inngangi og thugasemdum en ekki hefur orðið af því enn.

Kjartan G. Ottósson skrifaði um réttitunarreglur Eggerts í bók sinni um íslenska málhreinsun og bendir á að þessum fyrnska hjá Eggerti byggist á misskilningi, t.d. að taka upp sagnmyndir eins og *ek hefir f. hefí*, sem líklega er til komið vegna norskra áhrifa á tímabilinu frá 14. til 16. aldar, einnig að taka upp *v* á undan *o* eins og í *orðinn*. Sumar þessar tilraunir til fyrnsku telur Kjartan að hafi haft áhrif á höfundu eins og Eirík Laxdal og Jón Spólín. (Kjartan G. Ottósson. 1990:40-41.) Það verður að telja nauðsynlegt þegar textar 18. aldar eru annsakaðir, að athuga hvort höfundar þeirra hafa verið undir áhrifum hreintungustefnu eða fyrnsku áður en lyktnir eru dregnar af málfari þeirra. (Kjartan G. Ottósson. 1988:142.)

Ástæða Eggerts til móðurmálsins er ljós, þegar hann segir, að nauðsynlegt sé að rita rétt, því að með eyðingu þess, "þá eyðist landsvaninn og gleymast ýms þarfleg störf, vinnulag og verkastjórn, ásamt því alþýðlega vörðagsæði feðra vorra, sem gott og siðlegt var, hvar eftir vér verðum ekki lengur Íslendingar, heldur önnur jóð, eitthvað örverpi miklu lakara" (Ágrip:3).

Kvæðinu "Um sótt og dauða íslenskunnar" persónugerir Eggert íslenskuna sem konu sem orðin er veik vegna þess margra erlendra orða. Grunnavíkur-Jón orti síðan í framhaldi af því kvæði sem lofgjörð um kvæði Eggerts og þess síðan við athugasemdum og tveim viðaukum. Annar er um "það íslenskunnar trufl og rammskælda öguskap, sem af dönskunni stendur". Gunnlaugur Ingólfsson hefur athugað þessa ritgerð Jóns um ástand íslenskunnar og gagnrýni hans á ýmsa þætti í máli samtímans, og birtist sú samantekt hans í áður nefndum fræringi. Gunnlaugur hefur m.a. skoðað tilgátur Jóns um hvaðan erlendu orðin í íslensku séu komin. (Gunnlaugur Ingólfsson. 1994:47-49.) Við Gunnlaugur höfum gengið frá útgáfu á þessari ritgerð Jóns. (Gunnlaugur Ingólfsson og Svavar Sigmundsson. 1997.) (Jón Ólafsson. 1997.)

Þó að málhreinsun hafi komið upp hér á landi fyrir 1600 með húmanismanum og hafi verið viðvarandi síðan, er ekki fyrir það að synja að sérstök áhrif erlendis frá geti verið að verki á 18. öldinni. Í Danmörku voru þrír menn, J. J. Schouw, Høysgaard og Sneedorff sem allir börðust fyrir hreinni dönsku fyrir miðja öldina og náðu miklum rangri. Jón Eiríksson (1728-1787) var líka einn þeirra sem vann að danski málrækt á sínum tíma sem kennari í Öry og er talinn hafa haft drjúg áhrif á danskt ritmál.

að er ljóst að með upplýsingunni, útgáfum á veraldlegum ritum og stofnun Lærdómslistafélagsins 1779 og útgáfum þess, er farið að skrifa um efni sem áður hafði lítt eða ekki verið skrifað um á íslensku. Þörfin fyrir nýrð í málinu jókst, og nýyrðasmíð var stefnumál félagsins. Stofnun félagsins er vafalítið íslenskt svar við kademíum og málverndarfélögum úti í Evrópu, á Ítalíu, Þýskalandi og Frakklandi, sem stofnuð voru til þess að flá þjóðtungurnar gegn ofurveldi latínunnar.

Halldór Hermannsson bókavörður skrifaði á sínum tíma nokkuð um málið á Lærdómslistafélagssritunum í bókinni um nútímaíslensku. (Halldór Hermannsson 1919:23-25.)

Jörn Jónsson fyrrv. skólastjóri skrifaði kandiðatsritgerð sína í íslenskum fræðum 1959 um nýyrði í ritinu "Undirvísun í náttúruhistoríunni" eftir Busching, sem birtist í nokkrum árgöngum Lærdómslistafélagssritanna. Ritgerð Björns er óprentuð en Halldór Halldórsson gerði grein fyrir atriðum úr henni í greininni Nýgervingar á síðari öldum. (Halldór Halldórsson. 1964:140.)

Ein nýjasta umfjöllunin um mál 18. aldar er í stílfraði þeirra Þorleifs Haukssonar og Þóris Óskarssonar frá 1994. Þeir vitna til Jóns Helgasonar um það að íslenskt ritmál á s.hl. 18. aldar hafi ekki í annan tíma orðið andurleitara, þar sem að einu leyti var skrifað dönskuskotnara mál en annars hafði þekkt, að öðru leyti líkt eftir gömlum og úreltum rithætti innlendra bóka og að þriðja leyti skrifað eftir evrópskri fyrirmynd samtímans. Jón Helgason. 1931:42.) Þorleifur og Þórir telja að málfyrningu aldarinnar verði að skoða sem þjóðlegt andóf egn erlendum áhrifum þó að sumu leyti sé fyrirmyndin nýklassismi í Evrópu. (Þorleifur Hauksson og Þóris Óskarsson. 1994:348.)

Guðrún Kvaran hefur kannað biblíuþýðingu Steins biskups Jónssonar (1728-1734) og borið hana saman við orlákisbiblíu (1637-1644) og dönsku biblíuna frá 1647. (Guðrún Kvaran. 1994b.)

Þokkrar málfraeðilegar athuganir hafa stúdentar í íslensku við Háskóla Íslands gert á textum 18. aldar manna um námsverkefni. Nefna má ritgerð Ástu Svavarsdóttur, um Ferðasögu Árna Magnússonar frá Geitastekk (1753-1797) í námskeiði í sögulegri setningafræði 1981. (Í eigu Málvísindastofnunar.)

Elöf Margrét Snorradóttir skrifaði B.A.-ritgerð í almennum málvísindum vorið 1997, Myndun gerand- og erkaðarnafna á 18. öld. (Í eigu Málvísindastofnunar.) Heimildir hennar eru latnesk-íslensk orðabók Jóns Órnasonar biskups, Nucleus Latinitatis (1738), orðabókarhandrit Jóns Grunnvíkings og þýðing hans á Nikulási Klím.

Þá lokum mætti nefna að ýmis verkefni bíða úrlausnar í rannsóknum á máli 18. aldar. Má í því sambandi nefna þá aðstaða öll til málrannsókna hefur gjörbreyst við tilkomu tölvutækni, hvort sem er til athugana á orðaforða, römmyndun, beygingafræði, setningafræði eða stílfraði. Kristín Bjarnadóttir hefur t.d. notfært sér það við athugun á orðaforðanum í Nikulási Klím, og auðvelt ætti að vera að gera ýmsa orðstöðulykla um rit frá 18. öld, d. um Vídalínspostillu sem þegar er til í tölvutæku formi.

Þrantaðar heimildir

Jónni Böðvarsson. 1951. Þáttur um málfraeðistörf Eggerts Ólafssonar. Skírnir 125.

Jörn Guðfinnsson. 1946. Mállýzkur I. Ísafoldarprentsmiðja h.f., Reykjavík.

Jörn Karel Þórólfsson. 1925. Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr fornmalinu. Með viðauka um nýjungar í orðmyndum á 16. öld og síðar. Fjelagsprentsmiðjan, Reykjavík.

Jónninnur Jónsson. 1930. Ævisaga Árna Magnússonar. Safn Fræðafjelagsins VIII. Kaupmannahöfn.

Jónninnur Jónsson. 1933. Den islandske grammatiks historie til o. 1800. Levin & Munksgaard, København.

- Guðrún Kvaran. 1994a. Nafnatöl Jóns Ólafssonar úr Grunnavík. - Þingslit. Sjá Hræring úr ritum Grunnavíkur-
óns.
- Guðrún Kvaran. 1994b. Nokkur orð um málið á Steinsbiblíu. Biblían og bókmenntirnar. Rit helgað minningu
þra Jakobs Jónssonar dr. theol. Ritnefnd: Gunnlaugur A. Jónsson (ritstjóri), Einar Sigurbjörnsson og Pétur
étursson. Ritróð Guðfræðistofnunar. *Studia theologica islandica* 9. Guðfræðistofnun - Skálholtsútgáfan,
eykjavík.
- Guðrún Kvaran. 1996. Ein Wörterbuch als Sprachgeschichtliche Quelle. Berkovsbók. To honour of professor
alery Berkov. Editors: Lilya Popova, Yuri Kuzmenko. Impeto Publishers, Moscow.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. 1993. Björn Halldórsson. Orðabók. Íslensk-latnesk-dönsk. Orðabók Háskólans
992, Reykjavík. [Ritdómur.] Íslenskt mál og almenn málfræði 15.
- Gunnar Karlsson. 1965. Um aldur og uppruna kv-framburðar. *Lingua Islandica - Íslenzk tunga* 6.
- Gunnlaugur Ingólfsson. 1994. Um sótt og dauða íslenskunnar. Sjá Hræring úr ritum Grunnavíkur-Jóns.
- Gunnlaugur Ingólfsson og Svavar Sigmundsson. 1997. Animadversiones aliquot - Hugleiðingar um sótt og
auða íslenskunnar eftir Jón Ólafsson Grunnvíking. Gripla X. Í prentun.
- Halldór Halldórsson. 1963. Sitthvað um orðið kvistur. *Lingua Islandica - Íslenzk tunga* 4.
- Halldór Halldórsson. 1964. Nýgervingar frá síðari öldum. Þættir um íslenskt mál eftir nokkra íslenska
málfræðinga. Ritstjórnannaðist Halldór Halldórsson. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Endurpr. Halldór
Halldórsson. 1971. Íslenzk málrækt. Erindi og ritgerðir. Baldur Jónsson sá um útgáfuna. Hlaðbúð hf, Reykjavík.
- Halldór Hermannsson. 1919. Modern Icelandic. An essay. *Islandica XII*. Cornell University Library, Ithaca, New
ork.
- Helgi Guðmundsson. 1972. The Pronominal Dual in Icelandic. University of Iceland Publications in Linguistics
. Edited by Hreinn Benediktsson. Institute of Nordic Linguistics, Reykjavík.
- Hræringur úr ritum Grunnavíkur-Jóns. 1994. Erindi flutt á málþingi um Jón Ólafsson úr Grunnavík
ugardaginn 16. apríl 1994. Orðmennt og Góðvinir Grunnavíkur-Jóns, Reykjavík.
- Jakob Benediktsson. 1994. Glíman við orðabók Jóns Ólafssonar. Sjá Hræring úr ritum Grunnavíkur-Jóns.
- Jón Árnason. 1738. Nucleus Latinitatis. Hafniæ. - Ný útgáfa 1994. Orðfræðirit fyrri alda III. Guðrún Kvaran og
riðrik Magnússon sáu um útgáfuna. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Jón Helgason. 1926. Jón Ólafsson frá Grunnavík. Safn Fræðafjelagsins V, Kaupmannahöfn.
- Jón Helgason. 1931. Från Oddur Gottskálksson till Fjölnir. Tre hundra års isländsk språkutveckling. Island.
ilder från gammal och ny tid. Skrifter utgivna av Samfundet Sverige-Island 1. Uppsala.
- Jón Magnússon. 1997. Grammatica Islandica. Íslenzk málfræði. Jón Axel Harðarson gaf út með inngangi,
ýðingu og athugasemdum. Málvísindastofnun Háskóla Íslands - Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Jón Ólafsson. 1997. Animadversiones aliquot, & paulo fusior præsentis materiæ explanatio. Gripla X. Í prentun.
- Jartan G. Ottósson. 1986. Jón Steingrímsson prófastur og íslensk málsaga. Íslenskt mál og almenn málfræði 8.

Jartan G. Ottósson. 1987. An archaizing aspect of Icelandic purism: the revival of extinct morphological patterns. Pirkko Lilius & Mirja Saari (eds.). *The Nordic Languages and Modern Linguistics 6. Proceedings of the 19th International Conference of Nordic and General Linguistics in Helsinki, August 18-22, 1986.* Helsinki.

Jartan G. Ottósson. 1988. Den isländska språkhistoriens primärkällor och deras användning. *Nordistiken som vetenskap. Artiklar om ämnets historia, teorier och metoder.* Jan Svensson (red). Studentlitteratur, Lund.

Jartan G. Ottósson. 1990. Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit. *Rit Íslenskrar málnefndar 6.* Reykjavík.

Jartan G. Ottósson. 1992. The Icelandic middle voice. The morphological and phonological development. Department of Scandinavian Languages, Lund University, Lund.

Ristín Bjarnadóttir. 1994. Um orðaforðann í þýðingu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík á Nikulási Klím. Sjá Hræring úr ritum Grunnavíkur-Jóns.

Ristín Bjarnadóttir, Aðalsteinn Eyþórsson og Þorsteinn G. Indriðason. 1988-1989. Skrá um íslensk málfræðirit 1 1925: Mart finna hundar sjer í holum. *Íslenskt mál og almenn málfræði 10-11.*

Jargrét Jónsdóttir. 1996. Linguistics in Iceland before 1800. An overview. *Studies in the development of linguistics in Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden. Papers from the Conference on the history of linguistics in the Nordic countries, Oslo, November 20-22, 1994.* Edited by Carol Henriksen, Even Hovdhaugen, red Karlsson and Bengt Sigurd. Novus forlag, Oslo.

Iörður Árnason. 1995. Um þessa útgáfu. Jón Þorkelsson Vídalín. Vídalínspostilla. Gunnar Kristjánsson og Iörður Árnason sáu um útgáfuna. *Mál og menning og Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.*

Tefán Karlsson. 1989. Tungan. Íslensk þjóðmenning VI. *Munnmenntir og bókmenning.* Ritstjóri Frosti F. Óhannsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.

eturlíði Óskarsson. 1994. Contractismus Jóns Ólafssonar úr Grunnavík. Sjá Hræring úr ritum Grunnavíkur-Jóns.

orleifur Hauksson (ritstjóri) og Þórir Óskarsson. 1994. Íslensk stílfræði. *Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, Háskóla Íslands, og Mál og menning, Reykjavík.*

óra Björk Hjartardóttir. 1994. Kennslukver í íslensku. Sjá Hræring úr ritum Grunnavíkur-Jóns.